

The effects of early exposure to antibiotics on immune function in infants

Valtýr Thors, pediatric infectious diseases specialist

Birta Bæringsdóttir, sérnámslæknir og doktorsnemi

Ásgeir Haraldsson, prófessor

Birgir Hrafnkelsson, prófessor

Rannsóknir erlendis hafa bent til þess að sýklalyfjanotkun snemma á ævinni geti raskað þarmaflóru í meltingarvegi barna sem aftur getur haft áhrif á þroska ónæmiskerfisins og ef til vill bólusetningasvörun. Markmið þessarar rannsóknar er að kanna hvort börn sem eru útsett fyrir sýklalyfjum snemma á ævinni svari bólusetningum verr en þau sem eru ekki útsett. Rannsókn þessi er framsýn ferilrannsókn sem tekur til 200 barna fæddra á Landspítalanum. Þeim er skipt upp í fjóra hópa á grunni sýklalyfjaútsetningar og eru 50 börn í hverjum hópi. Auk almennra bólusetninga sem börn fá á Heilsugæslunni fá þátttakendur í rannsókninni bólusetningu við Rótaveiru sem er algengasta orsök niðurgangs hjá ungum börnum. Ónæmissvörun barnanna við bólusetningum verður skoðuð með mælingum á mótefnum í blóði og munnvatni þeirra við sex vikna, sex og 13 mánaða aldur. Einnig verður skoðuð samsetning örveruflóru í meltingarvegi þessara barna. Mjög fáar klínískar rannsóknir hafa verið gerðar á þessu sviði og engin eins og þessi. Niðurstöður verkefnisins munu veita mikilvægar upplýsingar og ef til vill stuðla að breyttu verklagi varðandi sýklalyfjanotkun og bólusetningar barna á Íslandi.